

Nd.

516. Breytingartillögur

[181. mál]

við frv. til hafnalaga.

Frá Ingvari Gíslasyni og Jóni Skaftasyni.

1. Við 4. gr.
 - a. Í stað „ábyrgð“ komi sjálfskuldarábyrgð.
 - b. 4. mgr. orðist svo:
Hafnargarðar, bryggjur og viðlegukantar, dýpkanir og uppfyllingar til hafnargerða, siglingamerki, dráttarbrautir, þurrkvíar, verbúðir, uppskipunarkranar og lönd undir hafnarmannvirki.
2. Við 6. gr.
 - a. Á eftir 1. tölulið komi nýr tölul., svo hljóðandi:
60% stofnkostnaðar bátakvíar og einnar afgreiðslubryggju hafnarsjóðs með allt að 150 metra viðlegukanti í hverri höfn.
 - b. 2. tölul. verði 3. tölul.
3. Við 7. gr. Niður falli orðin „kostnaðar vegna lóða- eða landkaupa fyrir höfn“ í 2. mgr.
4. Við 20. gr.
 - a. Í stað 1. og 2. tölul. komi:
1. Árlegt framlag ríkissjóðs, eigi minna en 20 milljónir króna á ári.
 - b. 3. tölul. verði 2. tölul.